

## Skýrsla fyrir starfsemi Félagsmiðstöðvarinnar Zero veturinn 2019/2020.

1.

Starfsemi vetrarins hófst fimmtudaginn 5. september 2019.

Mætingin hefur verið afar góð á fimmtudögum en frekar dræm á dagopnunum á þriðjudögum. Hefur aksturinn úr Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar mikið að segja um mætinguna. Að sjálfsögðu mest fyrir krakkana þaðan en einnig fyrir Hrunamenn.

Á kvöldopnunum er alltaf einhver auglýstur viðburður í boði fyrir alla sem vilja. Þessi skipulagða dagskrá hefur verið eins fjölbreytt og aðstaðan og starfsmannastaðan býður upp á. Það er líka velkomið að mæta í félagsmiðstöðina án þess að taka beinan þátt, heldur til að horfa á eða njóta frjálsrar samveru inni eða úti. Það þarf að vera pláss fyrir hvort tveggja.

2.

Þau Þorbjörg Helga og Guðjón Örn Sigurðarbörn voru fengin til skiptis til að aðstoða við gæslu á kvöldopnunum. Þau hafa bæði staðið sig mjög vel í gæslunni en hafa sökum flutninga og vinnu stundum ekki haft tök á að mæta. Þá hefur Brynja Sólveig Pálsdóttir stökkið í skarðið með bros á vör.

Einnig sendir Foreldrafélagið foreldra í gæslu á sama tíma gegn greiðslu frá sveitarfélaginu. Það hefur gengið vel í vetur og mæting hjá foreldrum góð í þessa gæslu.

Sem fyrr óska ég eftir því að skoðað verði að breyta starfsmannaskipun í félagsmiðstöðinni þannig að það verði fast teymi í kringum starfseminu og skipulagninguna. Betur sjá augu en auga, og myndi það einnig gjörbreyta starfsumhverfinu til batnaðar til að gera starfið aðlaðandi til lengdar.

3.

Fyrir rúmu ári síðan hafði undirrituð frumkvæði að því að efla samstarf félagsmiðstöðvarinnar Zero og Flúðaskóla, bæði af praktískum ástæðum sem og til að veita betri þjónustu fyrir unglingana og geta gripið betur inn í ef það þykir ástæða til að hafa áhyggjur af unglingi út af hinu eða þessu, eða ef það koma upp mál innan skólans sem gætu haft áhrif á félagsmiðstöðvarstarfið og öfugt. Er þetta gert að staðaldri í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og víða.

Höfum reynt að vera í samskiptum þegar þörf þykir á.

Einnig fara tölvupóstar til foreldra í gegnum Flúðaskóla þar sem Félagsmiðstöðin hefur ekki aðgang að Mentor.

4.

Unglingalýðræði hefur mikið gildi í félagsmiðstöðinni. Unglingarnir voru hvattir til að bjóða sig fram til starfa í Zero-nefnd vetrarins en nefndarskipan var sem hér segir:

Sóldís Dúna, Skeið/Gnúp, 8. bekkur

Fríða Rún, Skeið/Gnúp, 8. bekkur

Guðrún Hulda, Hrun., 9. bekkur (fulltrúi Zero í Ungmennaráði Hrunamannahrepps).

Sonja Ýr, Hrun., 10. bekkur (varamaður Zero í Ungmennaráði)

Þórey Þula, Hrun., 10. bekkur

Zero-nefndin kemur saman og heldur fundi nokkrum sinnum á önn og einnig fyrir stærri viðburði. Einnig aðstoðar Zero-nefnd við að skipulagningu og framkvæmd Miðstigsgleði þrisvar á skólaár.

Þá er reglulega haldin "hugmyndaflug" þar sem leitast er eftir tillögum og óskum frá unglungunum öllum, ekki bara Zero-nefnd, um það hvað þeir vilja helst gera og hvernig megi bæta félagsmiðstöðina.

5.

Dagskráin í félagsmiðstöðinni (fyrir utan hefðbundnar dagopnanir) hefur verið sem hér segir:

5. sept.: Opnunarkvöld Zero – Hugmyndaflug og fríar pítsur

12. sept.: Lokað vegna rétta

19. sept.: Spilamaráðun + Kosið í Zero-nefnd

26. sep.: Farið á ærslabelginn

3. okt.: Sokkabolli

10. okt.: Busaball

17. okt.: Poolmót

24. okt. Jóganámskeið (gestakennari Guðbjörg Guðjónsdóttir)

30. okt.: Miðstigsgleði fyrir 5.-7. bekk Flúðaskóla og Þjórsárskóla

31. okt.: Fright Night

7. nóv.: Söngkeppni Zero

14. nóv.: Bekkjarmót í fótbolta á sparkvellingum

28. nóv.: Jólaföndur, mandarínur og piparkökur

6. des.: USSS söngkeppni + ball á vegum Zelsíuz á Selfossi

12. des.: Hreyfileikir í salnum

18. des.: Jólaball Zero. Félagsmiðstöðinni Zetor boðið. Rúmlega 100 unglingar mættu. Silent Diskó og Supreme Team sáu um skemmtunina.

9. jan.: ~~Hugmyndaflug fyrir vorönn~~ *Frestað vegna veðurs*

16. jan.: Hugmyndaflug fyrir vorönn

23. jan.: FIFA-mót

30. jan.: Kökukeppni

6. feb.: Fræðsluerindi *#Karlmenntan* og *#Fávitar* í samstarfi við Flúðaskóla. Vöflukaffi fyrir unglunga og foreldra þeirra.

12. feb.: Miðstigsgleði fyrir 5.-7. bekk Flúðaskóla og Þjórsárskóla

14. feb.: ~~Rútuferð á Raveball Tvistsins á Hvolsvelli~~ - *frestað vegna veðurs*

21. feb.: Rútuferð á Raveball Tvistsins á Hvolsvelli

27.-28. feb.: ~~Skíðaferð með gistingu í Bláfjöllum í samstarfi við Flúðaskóla~~ - *frestað vegna veðurs*

5. mars: Maskakvöld

12. mars: Kvikmynd og popp

19. mars: Fræðsla *#Sjúkást* í samstarfi við Samfés - *frestað vegna Covid-19*

20. mars: ~~Samfestingurinn, stórhátíð Samfés í Laugardalshöll~~ - *frestað vegna Covid-19*

**Lokað alveg vegna samkomubanns vegna Covid-19 frá 17.mars og til 4. Maí.**

7. maí: Fótoltamót á sparkvellingum

14. maí: Frjáls samvera inni og úti

19.-20. maí: Lokahóf Zero - Óvissuferð og gisting. Farið var í bæinn á rútu í Lasertag Kópavogs og FlyOver Iceland. Komið við í nammilandi í Hagkaupum, og farið heim í íþróttahúsið á Flúðum og gist þar.

6.

Haustönnin í félagsmiðstöðinni fór vel fram, alltaf góð mæting á fimmtudögum og ekki þurfti að breyta dagskránni sem lagt var upp með. Eftir áramót tók svo við skrýtin önn sem einkenndist af mörgum ófyrirséðum lokunum, vegna veðurs og heimsfaraldursins Covid-19.

Undirrituð hafði frumkvæði á því að gera tilraun að því að færa hluta af starfseminni yfir á **rafrænt form** á þeim tíma sem samkonubannið skall á. Fór þessi tilraun vel af stað, og haldnar voru tvær rafrænar keppnir á Instagram-síðu Zero. Vegna persónulegra aðstæðna gat ég þó ekki haldið áfram með eins mikið rafrænt starf og ég hefði viljað en það má klárlega skoða þessa leið áfram í starfinu. Það er gott fyrir félagsmiðstöðina að vera sýnileg á sem flestum sviðum, meðal annars vegna forvarna, eineltismála og tengsla við unglíngana.

7.

Einnig var það á þessari önn sem það gerðist í fyrsta skiptið síðan ég tók við félagsmiðstöðinni 2015, að það þurfti að tilkynna mál til Barnaverndar. Á lokahófinu gerðist það leiðindar atvik að kom upp grunur um áfengisneyslu hjá tveimur einstaklingum í hópnum. Annar einstaklingurinn viðurkenndi strax en hinn ekki. Foreldrar voru kallaðir til og fóru báðir einstaklingar heim. Eins og mér ber skyldu til, tilkynnti ég málið til Barnaverndar í gegnum Félagsþjónustu Árnesþings, og einnig tilkynnti ég til Jóhönnu Lilju, skólastjóra Flúðaskóla. Foreldrar umræddra einstaklinga vita af tilkynningunum en ég lét þau vita, og hafa samskipti við foreldra um málið verið á góðu nótunum.

8.

Af húsnæðismálum er það helst að fréttu að það er lítið að fréttu af framkvæmdum um nýtt húsnæði fyrir félagsmiðstöðina. Vonandi fer eitthvað að gerast sem allra fyrst.

Með kveðju,

Maja Vilstrup,

forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero.